

## Hverfisráð Kjalarness

Ár 2014, fimmtudaginn 11. desember var haldinn 123. fundur hverfisráðs Kjalarness. Fundurinn hófst kl. 17:10 og var haldinn í Fólkvangi á Kjalarnesi. Viðstödd voru Sigríður Pétursdóttir, formaður, Ólafur Þór Zoéga, Eldey Huld Jónsdóttir, Hafsteinn Númason og Guðfinna Ármannsdóttir. Auk þeirra sátu fundinn Ingibjörg Sigurþórsdóttir, framkvæmdastjóri í Miðgarði, Margrét Richter, fjármálastjóri í Miðgarði, og Hera Hallbera Björnsdóttir, frístundaráðgjafi í Miðgarði, sem jafnframt ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

1. Rætt um málefni strætó á Kjalarnesi. Fulltrúar frá ungmennaráði Kjalarness komu á fundinn til að ræða um strætóferðir á Kjalarnesi sem mæta ekki þörfum barna og ungmenna á Kjalarnesi sem t.d. æfa íþróttir í Mosfellsbæ eða Grafarvogi. Auk þess eiga fulltrúar í ungmennaráði Kjalarness erfitt að mæta á fundi ungmennaráðs Reykjavíkur, sem haldnir eru vikulega í Hinu húsinu í miðbæ Reykjavíkur. Ungmennaráðið ætlar að senda út könnun meðal nemenda á Kjalarnesi til að kanna notkun á strætó og kalla eftir upplýsingum um á hvaða tíma ferðir vantar um Kjalarnes. Ákveðið að Ragnheiður Steingrimsdóttir, formaður ungmennaráðs, sitji sem áheyrnarfulltrúi á fundum hverfisráðs auk varamanns.
2. Fjallað um Betri hverfi. Sonja Wium, Björn Ingi Edvaldsson og Theodór Guðfinnsson frá umhverfis- og skipulagssviði komu á fundinn og kynntu hugmyndir sem íbúar settu inn á netið.
3. Lagt fram svarbréf frá ofanflóðasjóði vegna athugasemda hverfisráðs vegna auglýstra tillagna að hættumati vegna ofanflóða fyrir Kjalarnes og Esjuhlíða. Umfjöllun frestað til næsta fundar.
4. Tekin fyrir styrkumsókn frá kvenfélaginu Esju. Samþykkt að veita Kvenfélaginu Esju, kt. 411010-0310, Esjugrund 50-116, 116, Reykjavík, styrk úr almennum sjóði hverfisráðs að upphæð kr. 80.000,- til að kaupa bekk til að setja í Barnalund.
5. Lagt fram erindi frá Sögufélaginu Steina um að hverfisráð hafi milligöngu um að tala við landlagsarkitekt hjá Reykjavíkurborg sem gæti aðstoðað við að koma hugmynd um reisa útialtari í landi Esjubergs á legg. Hugmyndin er að staðurinn verði vígður þar sem framkvæma megi kirkjulegar athafnir. Umfjöllun um erindið frestað til næsta fundar hverfisráðs.

### Fundi slitið kl. 18:40

Sigríður Pétursdóttir, formaður

Ólafur Þór Zoéga  
Guðfinna Ármannsdóttir

Eldey Huld Jónsdóttir  
Hafsteinn Númason